

Ed.

612. Nefndarálit

um frv. til laga um almennan hússtjórnar- og vinnuskóla fyrir konur í Reykjavík.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar (BSt og JJ) leggur til að afgreiða málið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin viðurkennir, að mikil þörf sé á, að hafizt verði handa með mjög aukna húsmæðrafræðslu í höfuðstaðnum, en telur líklegast, að úr því verði bætt með því að breyta kvennaskólanum í Reykjavík í húsmæðraskóla, þá beinir hún því til ríkisstjórnarinnar að rannsaka það mál og leggja það þannig undirbúið fyrir næsta þing, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. nóv. 1934.

Bernh. Stefánsson,
form.

Jónas Jónsson,
frsm.